

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 27. maí 2003 samþykkt deiliskipulag þriggja frístundalóða í Setbergi í landi Grafar í Laugardal.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bláskógabyggð, 2. september 2003.

Sveinn A. Sæland, oddviti Bláskógabyggðar.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980 - 2000, lóð íþróttahúss, Vesturbyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. september 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980-2000 frá 12. október 1981.

Breytingin felst í því að íbúðarlóð nr. 55 við Aðalstræti verður lóð fyrir opinberar stofnanir.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. september 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Deiliskipulag fiskihafnar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið austan Hjalteyrargötu frá lóð ÚA að Glerá. Gerð er grein fyrir hafnarmannvirkjum, landfyllingu við Glerá, lóðarmörkum, nýtingu lóða og svæða, núverandi og fyrirhuguðum byggingum og umferðartengingum.

B-áfangi iðnaðarhverfis í Krossaneshaga.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag 25 ha svæðis upp af Krossanesi; frá A-áfanga iðnaðarhverfis, sem nú er í byggingu, norður að safngötunni

Óðinsnesi. M.a. er fjallað um fyrirhugaða fullnýtingu grjótnáms í Ystaási. Gerð er grein fyrir opnum svæðum, fyrirhuguðum götum, lóðum og byggingarreitum. Ákvæði er sett um verndun fornminja á svæðinu. Samþykkt skipulagsins er með fyrirvara um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum en úrskurður liggur ekki fyrir um.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

Akureyri, 11. september 2003.

F.h. bæjarstjórans á Akureyri,

Inga Pöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skotvopn, skotfæri o.fl., nr. 787/1998.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

a) Flokkur B: í 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi fyrir rifflum til og með hlaupvídd 8 mm og hálfsjálfvirkjum haglabyssum skal ekki veitt nema sérstakar ástæður mæli með því, enda hafi umsækjandi haft skotvopnaleyfi í a.m.k. eitt ár. Þó má í undantekningartilvikum með samþykki ríkislögreglustjóra veita einstaklingi leyfi fyrir riffli með meira en 8 mm hlaupvídd enda sýni viðkomandi fram á sérstaka þörf fyrir að eiga slík vopn. Slík leyfi skal aðeins veita að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og áskilið er að umsækjandi hafi haft aukin skotvopnaréttindi (B flokkur) í eitt ár og sanni hæfni sína til að meðhöndla slík vopn sé þess áskilið af ríkislögreglustjóra.

b) Flokkur C: í 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi fyrir skotvopnum sem sérstaklega eru ætluð til minkaveiða eða meindýraeyðingar (t.d. skammbyssur fyrir haglaskot) má aðeins veita að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Áskilið er að umsækjandi hafi haft aukin skotvopnaréttindi (B flokkur) í eitt ár. Slík leyfi vegna þeirra sem stunda minkaveiðar skal að jafnaði ekki veita til að eignast skotvopn heldur einungis til láns eða leigu. Lögreglustjóri skal senda slíkar umsóknir með umsögn sinni til ríkislögreglustjóra til ákvörðunar.

2. gr.

Orðin „og tekið þátt í landsmótum og/eða opnum mótum“ falla brott úr 1. másl. 2. tl. 1. mgr. 11. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

a) Í stað orðsins „16“ í 1. másl. 1. mgr. 12. gr. kemur: 15.

b) Við 2. mgr. bætist nýr töluliður nr. 4 svohljóðandi: Riffill með hlaupvídd 5,6 mm (cal. 22LR).

4. gr.

Í stað orðsins „500“ í 1. másl. 4. mgr. 33. gr. kemur: 5000.